

myndi verða, úr lausu lofti gripin. Þar með eru fallin rök þau, er stefnandi reisir skaðabótaskyldu stefnda á. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í þessum þætti málsins, en eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Vegna mikilla anna við borgardómaraembættið í sambandi við byrjun þingleyfis 1. þ. m., hefur dómur eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Magna Guðmundssonar, í þessum þætti málsins.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 18. marz 1960.

Nr. 31/1960. Trygging h/f

gegn

Óskari J. Þorlákssyni og

Rögnu Björnsson.

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-son og Jón Ásbjörnsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Línðal.

Kærumál. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. febrúar 1960, er barst dóminum hinn 8. þ. m. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur og að varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Frá varnaraðilja Óskari J. Þorlákssyni hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Varnaraðili Ragna Björnsson krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja Rögnu Björnsson kærumálskostnað, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Trygging h/f, greiði varnaraðilja Rögnu Björnsson kærumálskostnað, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 19. febrúar 1960.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 3. þ. m., hefur frú Ragna Björnsson, Ásvallagötu 24, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 22. september 1959 til greiðslu skuldar að upphæð kr. 1.000.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 17. september 1959 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L.M.F.I.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera tryggingarfé samkvæmt slysaftryggingarskírteini, útgefnu af stefnda 5. marz 1959. Samkvæmt skírteini þessu hafi stefndi tekið að sér að slysa-tryggja eiginmann stefnanda, Sigurð heitinn Guðmundsson forstjóra, er látizt hafi af slysförum þann 30. júlí 1959, fyrir kr. 1.000.000.00 og skuldbundið sig til að greiða þá fjárhæð við dauða Sigurðar.

Í greinargerð hefur stefndi m. a. rökstutt sýknukröfu sína þannig: „Umbj. minn telur með tilvísun til 3. tl. 3. gr. og d-liðs 4. gr. hinna almennu skilmála fyrir tryggingu þeirri, er Sigurður heitinn keypti sér, þá sé greiðsluskylda sín eigi fyrir hendi, þar sem augljóst megí telja, að tryggði hafi vegna sjúklegs ástands stytt sér sjálfur aldur“.

Þann 3. febrúar 1959 kom fyrir dóm sem vitni séra Óskar J. Þorláksson dómkirkjuprestur. Samkvæmt ósk umboðsmanns stefnda voru eftirfarandi spurningar lesnar upp fyrir vitninu:

1. Tilkynntuð þér í einrúmi frú Rögnu Björnsson, Ásvallagötu 24, lát eiginmanns hennar, Sigurðar heitins Guðmundssonar, að morgni þess 30. júlí s.l.?

2. Virtist yður henni koma lát hans á óvart?

3. Minnst þér þess, að frú Ragna Björnsson hafi látið nokkur sérstök orð falla í viðurvist þeirra manna, er með yður voru, eftir að þér höfðuð talað einslega við hana?

Vitnið neitar eindregið að svara spurningum þessum. Kvaðst vitnið aðeins hafa haft afskipti af máli þessu sem sálusorgari og taldi sér af þeim sökum ekki skylt að svara spurningunum. Umboðsmaður stefnanda fékk þá bókað: „Ég tel, að vitninu sé óheimilt án leyfis umbjóðanda míns og samþykkis hans, að svara spurningum þeim, sem lagðar eru fram á dskj. 27, og vísa ég í því sambandi til 3. mgr. 126. gr. laga nr. 85/1936. Ég krefst þess því, að úrskurðað verði, að vitninu sé ekki talið skylt né heldur heimilt að svara þessum spurningum“. Umboðsmaður stefnda fékk bókað: „Þar sem geysimiklir fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi fyrir umbjóðanda minn, þá tel ég 3. tölulið 126. gr. eml. eigi taka til þessa tilviks, sem hér greinir“. Umboðsmaður stefnanda fékk aftur bókað: „Hinir fjárhagslegu hagsmunir þessa máls skipta vitanlega báða aðilja jafnt. Auk þess er því mótmælt, að nokkur ákvæði séu í 126. gr. laga nr. 85/1936, sem undantaka regluna í 3. tölulið, enda þótt um miklar fjárhæðir sé að ræða.“

Var atriðið tekið til úrskurðar og er nú hér til úrlausnar.

Það er fram komið í málinu, að vitnið séra Óskar J. Þorláksson fór ásamt þremur öðrum mönnum heim til stefnanda til að tilkynna henni um lát eiginmanns hennar. Mun vitnið hafa talað einslega við hana, strax er þeir komu á heimilið. Eftir þetta samtal mun vitnið og þeir, sem með honum komu, hafa átt stutt samtal við stefnanda, áður en þeir fóru.

Telja verður eðli málsins samkvæmt, að vitninu sé óheimilt að svara 2. spurningunni, sem hefur verið tilgreind hér að framman, þar sem trúnaðarsamband prestsins sem sálusorgara stefnanda verður ekki rofið gegn mótmælum af hennar hálfu, sbr. 3. tl. 126. gr. laga nr. 85/1936, enda verður ekki séð, að vætti vitnisins hafi úrslitapýðingu í málinu. Af sömu ástæðum verður að telja, að prestinum sé óskylt að svara þriðju spurningunni, þar sem það samtal, sem þar ræðir, átti sér stað í beinu framhaldi af einkasamtali hans og stefnanda og kann að einhverju leyti að hafa mótazt af því. Með skírskotun til þessa verður að líta svo á, að fyrsta spurningin sé þýðingarlaus og vitninu þá einnig óskylt að svara henni.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Vitninu séra Óskari J. Þorlákssyni er óskýlt að svara framangreindum spurningum.

Mánudaginn 21. marz 1960.

Nr. 171/1959. **Engilbert Jóhannsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Smiði h/f (Áki Jakobsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
 og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
 Theodór B. Línal.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Frey móður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi, sem hefur gjafsókn hér fyrir dómi, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 121.357.70 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. janúar 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri þar eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Hér fyrir dómi hefur verið lögð fram álitserð tveggja sérfróðra matsmanna, sem dómkvaddir voru eftir uppsögu héraðsdóms til að kynna sér aðstæður á slysstað og skoða trésmiðavél þá, sem áfrýjandi vann við, er hann slasaðist. Telja matsmenn slysahættu samfara notkun óvarins nót-